



Reykjavík, 17. maí 2024
VEL24040021

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um samþykkt samnings um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands

Á fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um samþykkt samnings um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands:

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi samning milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu, sem undirritaður var 8. apríl sl. Í 17. gr. samningsins er gerður fyrirvari um samþykki velferðarráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs, sem og staðfestingu heilbrigðisráðherra sem fyrir sitt leyti staðfesti samninginn 16. apríl sl. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samningsins en heilbrigðisráðuneytið leggur til um 55 m.kr. til reksturs neyslurýmisisins.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og henni vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú er þetta erfiða mál loksins komið á skrið og er það þakkarvert. Rauði Kross Íslands hefur fengið heimild eiganda lóðar við Borgartún 5 (ríkiseign) til að setja niður gáma, sem félagið telur henta starfsemi best og er miðað við að starfsemi geti hafist í byrjun júní nk. Samningurinn gildir í eitt ár frá því að móttaka notenda hefst. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ávallt stutt hugmyndina um neyslurými enda slíkt úrræði búið að sanna gildi sitt í öðrum löndum. Markmiðið er að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll og auka lífsgæði þeirra sem nota vímuefni í æð. Því miður hefur ekki tekist að halda samfellu í Reykjavík í þessu úrræði og hafa margir liðið fyrir það. Hér er um að ræða mannréttindamiðaða nálgun sem byggir á að draga úr skaða og aðstoða einstaklinga á þeirra eigin forsendum. Um leið og dregið er úr skaðlegum afleiðingum sem fylgja neyslu ávana- og fíkniefna er ekki aðeins verið að hjálpa einstaklingunum sjálfum heldur einnig aðstandendum og nærsamfélaginu. Í þeim löndum sem neyslurými eru til hefur dauðsföllum sem rekja má til notkunar vímuefna í æð fækkað.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Anna Sigrún Baldursdóttir
skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samþykkt samnings um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands, ásamt fylgiskjölum, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. maí 2024.



Reykjavík, 13. maí 2024

VEL24040021

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: **Samþykkt samnings um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands**

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi samning milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu, sem undirritaður var 8. apríl sl. Í 17. gr. samningsins er gerður fyrirvari um samþykki velferðarráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs, sem og staðfestingu heilbrigðisráðherra sem fyrir sitt leyti staðfesti samninginn 16. apríl sl. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samningsins en heilbrigðisráðuneytið leggur til um 55 m.kr. til reksturs neyslurýmisisins.

Greinargerð:

Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu byggir á reglugerð heilbrigðisráðherra um neyslurými, nr. 170/2021. Markmið reglugerðarinnar er að setja ramma um rekstur og starfsemi neyslurýma sem rekin skulu með skaðaminnkun að leiðarljósi.

Samkvæmt reglugerðinni veitir Embætti landlæknis sveitarfélagi leyfi til að stofna og reka neyslurými að uppfylltum skilyrðum skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Sí og velferðarsvið Reykjavíkurborgar hafa nú gert með sér samkomulag um neyslurými til eins árs og hljóðar samningurinn upp á 55.100.000 kr. og er gert ráð fyrir tveimur greiðslum á tímabilinu; í ágúst 2024 og febrúar 2025.

Samhliða ofangreindu hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert rekstrarsamning um neyslurými við Rauða Kross Íslands (RKÍ), á grundvelli laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni með síðari breytingum og í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 170/2021, þar sem kveðið er á um heimild sveitarfélags til að gera samning við félagasamtök eða heilbrigðisstofnanir um rekstur neyslurýma.

Í samningi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og RKÍ kemur m.a. fram að þjónustusali, RKÍ, taki við öllum skyldum þjónustukaupa, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, en tekur ekki gildi fyrr en leyfi liggur fyrir frá Embætti landlæknis um rekstur neyslurýmis og staðfesting heilbrigðisráðherra á samningi velferðarsviðs og Sí. Samningurinn milli velferðarsviðs og RKÍ tekur til þjónustu sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og verkefni skulu unnin samkvæmt velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, stefnu borgarinnar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að þjónustusali skili skýrslu um



Reykjavík



verkefnið mánuði fyrir lok samningstímans þar sem m.a. fram komi fjöldi, aldur, kyn og búseta skráðra notenda, tegund og magn efna sem tilkynnt eru og upplýsingar um félagslega þjónustu sem nýtt hefur verið, svo eitthvað sé nefnt.

Í kjölfar setningar reglugerðar um neyslurými síðla árs 2021 og fjármögnunarsamnings við SÍ, gerði Reykjavíkurborg rekstrarsamning við RKÍ um rekstur slíkra rýma. Fékkst heimild til að reka þau í bifreið og gekk úrræðið undir heitinu “Ylja”. Í mars 2023 lét RKÍ af rekstri neyslurýmisins, enda taldi félagið aðstöðuna hvorki forsvaranlega fyrir notendur né starfsfólk.

Af hálfu velferðarsviðs og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar fór fram víðtæk leit að húsnæði í eigu ríkis eða borgar sem fallið gæti að þörfum starfseminnar. Má þar m.a. nefna húsnæði í Tryggvagötu, í Borgartúni og Vesturgötu 7. Lengst af stóðu vonir til að unnt væri að nýta húsnæði að Vesturgötu 7 til reksturs neyslurýmis en vegna athugasemda annarra eigenda húsnæðisins við hina fyrirhuguðu notkun var fallið frá því.

Niðurstaða málsins er með þeim hætti að RKÍ hefur fengið heimild eiganda lóðar við Borgartún 5 (ríkiseign) til að setja niður gáma, sem félagið telur henta starfseminni best. Á grundvelli samnings RKÍ við velferðarsvið er nú miðað við að starfsemi geti hafist í byrjun júní nk. Samningurinn gildir í eitt ár frá því að móttaka notenda hefst.

Fylgiskjöl:

Samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, dags. 8. apríl 2024.

Samningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á Íslandi um rekstur neyslurýmis, dags. 10. apríl 2024.



Reykjavík